

Innanríkisráðherra
Sölvhólsgrötu 7

150 REYKJAVÍK

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 11.11.14	Ábmr. SpG
Innk. 16. MAÍ 2014	
IRR 14050156	

Reykjavík 14. maí 2014

Beiðni um uppreist æru.


F.h. Hallgríms Jóhannessonar, kt. 220648-3389, leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við hæstvirtan innanríkisráðherra að Hallgrími verði veitt uppreist æru að því er tvo dóma varðar, annars vegar dóm um 18 mánaða fangelsi frá árinu 1974 og hins vegar dóm um 2ja ára fangelsi uppkveðnum í Hæstarétti þann 20. júní 1990 en fangelsisrefsingu afplánaði Hallgrímur að helmingi á árunum 1998 og 1999 og fékk reynslulausn á eftirstöðvum refsingar. Nú eru meira en 10 ár frá lok reynslulausnartíma.

Með beiðni þessari fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna sem þekkja vel til Hallgríms og bera honum vel söguna. Annars vegar er það Páll Sólberg Eggertsson kt. 120351-4359 sjálfstætt starfandi útflytjandi fiskafurða og hins vegar Egill Heiðar Gíslason kt. 2906584469, ráðgjafi hjá Íbúðalánasjóði. Hegðun Hallgríms hefur í engu verið ábótavant allt frá úttekt refsingar og hann hefur ekki hlotið dóm fyrir refsivert athæfi eftir 1990.

Meðfylgjandi er sakavottorð frá Sýslumanninum í Keflavík og útprentun Hæstaréttardóms. Ekki tókst að afla endurrits dóms frá 1974 en hans er getið í Hæstaréttardómnum.

Beiðandi vísar til ákvæða 84. gr. og 85. gr. laga nr. 19/1940 um heimildir til uppreistar æru

Virðingarfyllst,



Páll Arnór Pálsson hrl

Hallgrímur Jóhannesson er fæddur 22. júní 1948 og er til heimilis í [redacted] Hann kom inní fjölskyldu mína fyrir um 50 árum síðan þannig að ég hef fylgst með lífi hans frá unga aldri. Hann hefur því miður á sinni ævi misstígið sig og komist þannig í kast við lög og þurft að taka út sína refsingu.

Allt frá því að hann afplánaði sína refsingu hefur hann átt við [redacted] Honum er full ljóst að þau afbrot sem hann framdi verða ekki aftur tekin er hann fullur iðrunar í garð þeirra sem hann hefur valdið óþægindum með sínu hátterni. Sú tilhugsun reynist honum nú þungbært að horfast í augu við þá staðreynd að þurfa að enda sitt ævikvöld sem sakamaður.

Kynni mín af Hallgrími eru á þann veg að ég get með góðri samvisku mælt með því að hann hljóti nú uppgjöf saka þar sem hann er hjartahlýr maður og hefur sýnt það [redacted] að hann vill láta gott af sér leiða. Það er því einlæg ósk mín að hann fái uppgjöf saka og geti þannig, þegar að því kemur, hvatt þennan heim í fullri sátt við sitt samfélag.

Reykjavík, 23. Febrúar 2014


Egill Heiðar Gíslason

15 mars 2014.

Ég Páll Sólberg Eggertsson get staðfest það með góðri samvisku að Hallgrímur Jóhannesson hefur snúið við blaðinu hvað varðar afbrot og og þess háttar. Ég hef þekkt Hallgrím í rúmleg 40 ár og veit að hann fékk dóm fyrir ólöglegt athæfi, en það er löngu liðin tíð. Í dag er hann heiðvirður borgari, _____ Mig langar að mæla með því að hann fái uppreisn æru og ég veit að það er það sem hann þráir í dag að sanna það að hann sé þess verðugur. Hann hefur sagt mér það að hann langi til að fá upp reisu æru áður en hann kveður þennan heim. Ég vona að þetta litla bréf mitt vegna Hallgríms Jóhannessonar verði lóð á vogaskálarnar sem gæti orðið til þess að hjálpa honum að fá þá ósk sína uppfyllta og veiti honum gleði.

Virðingarfyllst.


Páll Sólberg Eggertsson.

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Hallgrímur Jóhannesson, kt. 220648-3389, til heimilis að [redacted] hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 20. júní 1990, þar sem honum var gert að sæta 2 ára óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum, dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 2. desember 1985, þar sem honum var gert að sæta 4 mánaða óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum, dóm sakadóms Gullbringusýslu, uppkveðinn 8. apríl 1974, þar sem honum var gert að sæta 18 mánaða óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum og sakadóms Gullbringusýslu, uppkveðinn 25. nóvember 1971, þar sem honum var gert að sæta 1 árs óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum.

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Hallgrími Jóhannessyni uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
18. júní 2014.

Allravirðingarfyllst,

Ragnheiður Blín Arnadóttir
Þorunnur Helgadóttir